

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis 2013



Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis hf. (Stefnir) er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 19. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 12. gr. laga 75/2010. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. og meginreglur OECD um stjórnarhætti fyrirtækja voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis var samin. Báðar heimildir má nálgast á heimasíðu Stefnis.

Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum

stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. Viðurkenningin er veitt til eins árs í senn. Stefnir er að því að hljóta viðurkenninguna aftur í ár og stendur könnunarvinna KPMG vegna þess yfir.

Stjórn Stefnis telur góða stjórnarhætti vera veigamikinn þátt í árangri Stefnis sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Stjórnarhættir sjá fyrirtækjum fyrir ramma þar sem markmið eru skilgreind, hvaða töl skulu notuð til að ná þeim markmiðum og hvernig árangur markmiðanna er mældur. Góðir stjórnarhættir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna

hagsmunum fyrirtækisins, hluthöfum og almennings en góðir stjórnarhættir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt.

Stefnir er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum 161/2002. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði skv. lögum 128/2011. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með yfir 386 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir hefur á að skipa 20 starfsmönnum með mikla reynslu af starfi á fjármálamörkuðum.



Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Félagið er að fullu í eigu bankans og tengdra félaga. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annara hagaðila en þá má m.a. skilgreina sem; hlutdeildarskírteinishafa í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis, starfsmenn auk almennings.

Starfsemi félagsins eru settar þröngar skorður af hálfu löggjafans. Um starfsemina gilda m.a. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði nr. 128/2011. Stefnir sætir eftirliti FME skv. lögum númer 87/1998.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstöðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn hefur unnið áhættustefnu fyrir félagið. Stefnan er unnin á ensku en í lauslegri þýðingu er hún svo hljóðandi:

„Stjórn Stefnis er meðvituð um að áhættustýring og innra eftirlit eru ein af meginstöðum ábyrgs sjóðareksturs. Með því að setja fram skýra áhættustefnu vill stjórnin ýta undir og styðja við fyrirtækjamenningu innan Stefnis, sem einkennist af ríkri áhættuvitund. Jafnframt er tilgangurinn að koma skýrum skilaboðum til allra hagaðila félagsins.

Öll rekstartengd áhætta innan Stefnis er greind reglubundið og metin. Félagið hefur komið sér upp tækjum og tólum til að fylgjast með og skila greiningu

á viðkomandi áhættuþáttum. Félagið býr jafnframt yfir stjórnækjum, sem samanstanda af reglum, ferlum og kerfum, sem bæði sinna innra eftirliti og draga úr einstökum áhættuþáttum. Stefnir hefur auk þess komið sér upp ferlum sem miða að því að viðhalda óskertri starfsemi og þjónustu, þrátt fyrir umtalsverðar rekstrartruflanir. Með vönduðum stjórnarháttum vill stjórnin tryggja að stefnur, ferlar og áhættustýringarkerfi séu innleidd á öllum sviðum starfsemi Stefnis.“

Regluvörslu, innri endurskoðun og áhættustýringu að hluta er útviðað til Arion banka með leyfi FME og er stjórn kynnt málefni Stefnis sem eru til skoðunar hjá sviðunum með reglulegum skýrslum.

Reikningsskil félagsins eru í höndum fjármálasviðs Arion banka en Stefnir hefur fengið leyfi FME fyrir útivistun til sviðsins. Arion banki er jafnframt vörslufyrirtæki Stefnis hf. og er uppgjör sjóða félagsins í höndum bankans. Endurskoðunarnefnd tekur uppgjörið til skoðunar og fær álit ytri endurskoðanda á hálfárs- og ársuppgjörum Stefnis og þeirra sjóða sem Stefnir rekur. Skýrslugjöf til stjórnar vegna reikningsskila er í höndum nefndarinnar en stjórn hittir einnig ytri endurskoðanda Ernst & Young ehf.

Stjórnarmenn Stefnis eru fimm talsins og eru varamenn jafn margir. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis,

og félaginu sjálfu. Allir stjórnarmenn eru kjörnir af hluthafafundi félagsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og sinnir daglegum rekstri félagsins í þeirra umboði. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, að jafnaði mánaðarlega en oftar ef þurfa þykir. Rekstrarstjóri Stefnis er ritari stjórnar. Lögfræðingur Stefnis er einnig viðstaddur og veitir stjórnarmönnum lögfræðilega ráðgjöf á stjórnarfundum. Stjórnarfundir á árinu voru 14 og var stjórn í öllum tilvikum ákvörðunarþær. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar Stefnis má finna á heimasíðu félagsins auk samþykka félagsins.

Í stjórn Stefnis eru óháðir stjórnarmenn Hrund Rudolfsdóttir, formaður, framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel, Snjólfur Ólafsson, varaformaður, próffessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Kristján Jóhannsson, stjórnarformaður Icepharma hf. og Svava Bjarnadóttir, sjálfstætt starfandi stjórnarmaður. Háður stjórnarmaður er Eggert Teitsson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka hf. Stjórnarmenn hafa allir átt sæti í stjórn frá árinu 2009 nema Kristján Jóhannsson sem tók sæti í stjórn í júní 2011. Frekari upplýsingar um stjórnarmenn Stefnis er að finna á heimasíðu félagsins.

Varamenn eru Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, svæðis- og útibússtjóri hjá Arion banka hf., Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður hjá Lögmonnum Höfðabakka, Kristbjörg Edda

Jóhannsdóttir, Fram-kvæmdastjóri HuxHux, Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Hörður Kvaran, sérfræðingur á fjármálasviði Arion banka hf.

Endurskoðunarnefnd, sem kjörin er af stjórn, var endurkjörin frá fyrra ári. Formaður nefndarinnar er Snjólfur Ólafsson prófessor. Aðrir nefndarmenn eru Guðlaug Sigurðardóttir verkfræðingur og Sturla Jónsson, lögg. endurskoðandi. Endurskoðunarnefndin hélt sex fundi á árinu 2012. Nefndin var í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Nefndarmenn eru óháðir félaginu og nýtist fjölbreytt þekking þeirra á rekstri félaga, endurskoðun og stjórnun vel í starfi nefndarinnar. Nefndin skilaði skýrslu sinni til stjórnar Stefnis í janúar sl. Starfsreglur nefndarinnar er að finna á heimasíðu Stefnis. Aðrar undirnefndir stjórnar eru ekki starfræktar. Stjórnarmenn sinna því hlutverki starfskjaranefndar og er starfskjarastefnu félagsins að finna á heimasíðu þess.

Stjórnarmenn Stefnis tóku allir þátt í að móta og skilgreina meginhlutverk sitt með eftirfarandi hætti:

Meginhlutverk stjórnarinnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að félagið sé leiðandi aðili meðal sjóðastýringarfyrirtækja og að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóðfélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð. Stjórnin leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum.

Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins.

Árlega metur stjórn störf sín og gerir tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóri er ekki viðstaddur

matið og stjórnarformaður vikur af fundi þegar stjórnarmenn leggja mat á frammistöðu hennar. Matið í heild er svo tekið saman, tillögum stjórnar um úrbætur úthlutað til ábyrgðaraðila og verklokátími skilgreindur fyrir hvern þátt um sig.

Framkvæmdastjóri félagsins frá 1. júlí 2009 er Flóki Halldórsson 39 ára B.A. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Flóki hefur viðtæka reynslu af fjármálamörkuðum og stjórnun. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins þar sem farið er að þeirri stefnu og fyrirætlum sem stjórn hefur gefið sbr. 1 mgr. 68 gr. hfl. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem fylgja starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að sú eftirfylgni sé skilvirk. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins, aðra en þá sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 161/2002, og veitir þeim lausn.

Stjórn hefur á árinu farið í gegnum mikla vinnu á sviði stefnumótunar. Stjórn hefur sett og skilgreint með ítarlegum hætti mælikvarða í starfsemi félagsins. Mælikvarðarnir byggja á hlutlægum gildum og mun eftirfylgni með þeim eiga sér stað ekki sjaldnar en ársfjórðungslega. Þá hefur stjórn skilgreint hlutverk félagsins. Hlutverk félagsins er m.a. að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Til þess að styðja við hlutverkið hefur stjórn svo skilgreint

áherslur í rekstrinum sem snúa m.a. að þjónustu og framtíðarþróun, sambandi við viðskiptavinum, fjárhag, öryggi og áhættustýringu auk mannaúts. Þá hefur stjórn tekið afstöðu til stöðu félagsins í samfélaginu og samfélagslegrar ábyrgðar þess. Stjórn hefur í samstarfi við starfsmenn félagsins útbúið og birt kennisettingar sem grundvallast á hlutverki félagsins og áherslum.

Á árinu voru samþykktar nýjar starfsreglur fyrir stjórn. Gerð þeirra hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Starfsreglurnar eru settar með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálaafyrirtæki og 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög. Efni reglnanna styðst að nokkru leyti við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktir félagsins auk þess sem sú vinna sem unnin hefur verið hjá félaginu vegna vottunar félagsins sem fyrirmyndarfyrirtækis í góðum stjórnarháttum hefur verið mikilvægt innlegg.

Stefnir hefur verið í fararbroddi á árinu og, sem fyrr, boðið viðskiptavinum upp á samkeppnishæfa og ábyrga fjárfestingarkosti í nær öllum eignaflokkum. Það er félaginu mikilvægt að miðla upplýsingum með nákvæmum og aðgengilegum hætti til fjárfesta. Á árinu var tekin í notkun ný heimasíða félagsins þar sem upplýsingamiðlun er enn markvissari og samanburður fjárfestingarkosta er gerður aðgengilegir.

Engir dómur fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálaafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálaafyrirtæki, hafa fallið um Stefni. Upplýsingar um mál fyrir dómstólum tengd Stefni er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.